

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Vesturlandsvegur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. júlí 2020, breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Í breytingunni felst að gerðar eru textabreytingar í köflum 5.1, 5.3, 5.4, 5.5 og bætt við kafla 5.7 vegna útfærslu vegarins og uppdrættir uppfærðir til samræmis við það. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kjalarnes, Hof.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. júlí 2020, breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Hofs á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags hliðrast um 27 metra til austurs og miðast nú við afmörkun deiliskipulags Vesturlandsvegar, en við það minnkar skipulagssvæðið. Vegtenging við Vesturlandsveg færst inn á nýjan hliðarveg. Hliðarvegurinn mun liggja út frá hringtorgi við Grundarhverfi. Til að bæta öryggi Vesturlandsvegar þarf að fækka vegtengingum og því gerðir hliðarvegir sem tengjast hringtorgum á Vesturlandsvegi. Afmörkun veghelgunarsvæðis færst sem því nemur. Áætluð lega reiðleiðar úr deiliskipulagi Vesturlandsvegar er sett inn í stað áætlaðrar legu úr aðalskipulagi Reykjavíkur. Reiðleið nær fjallinu er samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur. Uppdráttur hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 12. ágúst 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 13. ágúst 2020